

**Uppgjör HB Granda hf. á þriðja ársfjórðungi 2015**

- Rekstrartekjur samstæðunnar á þriðja ársfjórðungi voru 56,2 m€ og 166,6 m€ á fyrstu níu mánuðum ársins (3F 2014: 68,3 m€, fyrstu níu mánuðum 2014: 155,6 m€)
- EBITDA nam 15,6 m€ á þriðja ársfjórðungi og 46,9 m€ á fyrstu níu mánuðum ársins (3F 2014: 26,4 m€, fyrstu níu mánuðum ársins 2014: 45,0 m€)
- Hagnaður á þriðja ársfjórðungi var 9,1 m€ og á fyrstu níu mánuðum ársins 31,2 m€ (3F 2014: 20,0 m€, fyrstu níu mánuði 2014: 30,6 m€)
- Handbært fé frá rekstri nam 26,6 m€ á fyrstu níu mánuðum ársins (fyrstu níu mánuðir ársins 2014: 14,9 m€)
- Birgðir aukast um 15,5 m€ frá áramótum og liggur meginskýringin í árstíðasveiflum.
- Innflutningsbann sjávarafurða til Rússlands hefur haft og mun hafa mikil áhrif á starfsemi félagsins og afkomu þess, sérstaklega á Vopnafirði, gangi það að fullu eftir. Um 17% tekna félagsins komu frá rússneskum aðilum árið 2014. Erfitt er að meta fjárhagsleg áhrif þessa á HB Granda hf. en gróflega áætlað munu tekjur félagsins lækka um u.þ.b. 10-15 milljónir evra á ársgrundvelli. Árið 2014 námu tekjur félagsins 215 milljónum evra. Félagið á nú um 2,4 milljónir evra í útistandandi kröfum í Rússlandi.

Rekstrarreikningur - Lykiltölur				
í þúsundum evra	3F2015	3F2014	9M2015	9M2014
Seldar vörur .....	56.235	68.322	166.609	155.584
Kostnaðarverð seldra vara .....	( 38.039)	( 38.805)	( 111.183)	( 104.864)
<b>Vergur hagnaður .....</b>	<b>18.196</b>	<b>29.517</b>	<b>55.426</b>	<b>50.720</b>
Aðrar tekjur .....	0	45	4.956	1.368
Útflutningskostnaður .....	( 3.857)	( 3.979)	( 9.975)	( 9.367)
Annar rekstrarkostnaður .....	( 1.856)	( 2.502)	( 8.481)	( 6.685)
<b>Rekstrarhagnaður .....</b>	<b>12.483</b>	<b>23.081</b>	<b>41.926</b>	<b>36.036</b>
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld .....	( 1.159)	427	( 1.174)	( 879)
Áhrif hlutdeildarfélaganna .....	88	1.865	( 2.880)	3.655
<b>Hagnaður fyrir tekjuskatt .....</b>	<b>11.412</b>	<b>25.373</b>	<b>37.872</b>	<b>38.812</b>
Tekjuskattur .....	( 2.272)	( 5.386)	( 6.709)	( 8.257)
<b>Hagnaður tímabilsins .....</b>	<b>9.140</b>	<b>19.987</b>	<b>31.163</b>	<b>30.555</b>
<b>EBITDA .....</b>	<b>15.649</b>	<b>26.376</b>	<b>46.904</b>	<b>45.029</b>

**Rekstur fyrstu níu mánaða ársins 2015**

Rekstrartekjur HB Granda hf. á fyrstu níu mánuðum ársins 2015 námu 166,6 m€, samanborið við 155,6 m€ árið áður. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) var 46,9 m€ eða 28,2% af rekstrartekjum, en var 45,0 m€ eða 28,9% árið áður. Áhrif fjáreignatekna og

**Uppgjör HB Granda hf. á þriðja ársfjórðungi 2015**

fjármagnsgjalda voru neikvæð um 1,2 m€, en voru neikvæð um 0,9 m€ á sama tíma árið áður. Áhrif hlutdeildarfélaganna voru neikvæð um 2,9 m€, en voru jákvæð um 3,7 m€ árið áður. Helstu skýringar eru erfiðleikar í laxeldi í Síle. Hagnaður fyrir tekjuskatt var 37,9 m€ og hagnaður tímabilsins var 31,2 m€.

**Efnahagur**

Heildareignir félagsins námu 387,3 m€ í lok september 2015. Þar af voru fastafjármunir 305,7 m€ og veltufjármunir 81,6 m€. Eigið fé nam 231,8 m€ og eiginfjárhlutfall í lok september var 59,9%, en var 59,7% í lok árs 2014. Heildarskuldir félagsins voru í septemberlok 155,5 m€.

Efnahagsreikningur 30.09.2015 - Lykiltölur		
í þúsundum evra	30.09.2015	31.12.2014
Fastafjármunir .....	305.675	284.251
Veltufjármunir .....	81.586	82.433
<b>Eignir samtals .....</b>	<b>387.261</b>	<b>366.684</b>
Eigið fé .....	231.789	218.829
Langtímaskuldir .....	86.282	53.967
Skammtímaskuldir .....	69.190	93.888
<b>Eigið fé og skuldir samtals .....</b>	<b>387.261</b>	<b>366.684</b>

**Sjóðstreymi**

Handbært fé frá rekstri nam 26,6 m€ á tímabilinu, en nam 14,9 m€ á sama tíma fyrra árs. Fjárfestingarhreyfingar námu 29,3 m€, þar af nam fjárfesting vegna nýrra skipa 24,1 m€. Fjármögnunarhreyfingar námu 17,3 m€ og var lántaka umfram afborganir langtímalána 13,4 m€. Handbært fé lækkaði því um 20,0 m€ og var í lok september 4,7 m€.

Sjóðstreymi - Lykiltölur	9M2015	9M2014
í þúsundum evra		
Handbært fé frá rekstri .....	26.592	14.855
Fjárfestingarhreyfingar .....	( 29.281)	( 30.808)
Fjármögnunarhreyfingar .....	( 17.357)	15.658
<b>Breyting á handbæru fé .....</b>	<b>( 20.046)</b>	<b>( 295)</b>
<b>Handbært fé í lok tímabilsins .....</b>	<b>4.681</b>	<b>11.978</b>

**Meginniðurstöður færðar til íslenskra króna**

Séu niðurstöður rekstrarreiknings reiknaðar til íslenskra króna á meðalgengi fyrstu níu mánaða ársins 2015 (1 evra = 147,59 kr) verða tekjur 24,6 milljarðar króna, EBITDA 6,9 milljarðar og hagnaður 4,6 milljarðar. Séu niðurstöður efnahagsreiknings reiknaðar til íslenskra króna á gengi 30. september 2015 (1 evra = 142,37 kr) eru eignir samtals 55,1 milljarðar króna, skuldir 22,1 milljarðar og eigið fé 33,0 milljarðar.

**Skipastóll og afli**

Venus NS 150 kom til landsins í lok maí og hefur skipið staðist allar væntingar. Skipið er fyrsta skipið af fimm sem samið hefur verið um smíði á við tyrknesku skipasmíðastöðina Celiktrans Deniz Insaat Ltd. Víkingur AK 100 er svo væntanlegur til landsins seinni hluta desembermánaðar.

Á fyrstu níu mánuðum ársins 2015 var afli skipa félagsins 38 þúsund tonn af botnfiski og 113 þúsund tonn af uppsjávarfiski.

**Kynningarfundur þann 26. nóvember 2015**

Opinn kynningarfundur um afkomu félagsins á þriðja ársfjórðungi verður haldinn fimmtudaginn 26. nóvember klukkan 08:30 í höfuðstöðvum félagsins að Norðurgarði 1. Vilhjálmur Vilhjálmsson forstjóri mun kynna uppgjórið og svara spurningum.

**Samþykkt árshlutareiknings**

Árshlutareikningur var samþykktur á stjórnarfundum HB Granda hf. 25. nóvember 2015. Árshlutauppgjör HB Granda hf. er í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS – International Financial Reporting Standards).

**Nánari upplýsingar**

Nánari upplýsingar veitir Vilhjálmur Vilhjálmsson forstjóri, sími 858-1007.